

póstmeistari samþykkir, undir þann póst, sem í húsið á að fara. Skal gerð kassanna háð samþykki póstmeistara, og er húseigendum skylt að halda þeim við.

73

20. apríl

Nú lætur húseigandi undir höfuð leggjast að sinna fyrirmælum póstmeistara, og varðar það sektum samkvæmt 22. gr., og heimilast þá póstmeistara, ef svo ber undir, að útvega, setja upp og halda við bréfaðösum á kostnað húseiganda. Kostnað þennan má krefja með lögtaki.

2. gr.

Upphaf 22. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn ákvæðum 3., 4., 5., 8., 9., 10. og 11. greinar o. s. frv.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.
(L. S.)

Árni Tryggvason.

Ingólfur Jónsson.

AUGLÝSING

74

23. apríl

um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Rúmeníu.

Hinn 13. apríl 1954 voru undirritaðir í Reykjavík viðskipta- og greiðslusamningar milli Íslands og Rúmeníu.

Samningarnir gilda frá undirritunardegi til 31. desember 1955.

Samkvæmt samningunum er gert ráð fyrir að frá Íslandi verði flutt út salt-sild, freðsild, hraðfrystur fiskur og saltfiskur.

Helztu útflutningsvörur frá Rúmeníu til Íslands verða harðviður, fóðurbætir og maísmjöl.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 23. apríl 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.